

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 294/2015

2017/EES/38/62

frá 30. október 2015

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 2014/102/ESB frá 7. nóvember 2014 um aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu ⁽¹⁾.
- 2) Samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽²⁾ („Samningurinn um stækkun EES frá 2014“) sem var undirritaður 11. apríl 2014 í Brussel hefur gilt til bráðabirgða fyrir undirritunaraðila sína frá 12. apríl 2014, og því skal þessi ákvörðun gilda til bráðabirgða meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 10i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0102:** Tilskipun ráðsins 2014/102/ESB frá 7. nóvember 2014 (Stjút. ESB L 334, 21.11.2014, bls. 86).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/102/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 frá 30. október 2015 ⁽³⁾, eða gildistöku dag samningsins um stækkun EES frá 2014, hvort sem ber upp síðar.

Meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014, skal ákvörðun þessi gilda til bráðabirgða frá 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist, eða frá gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 frá 30. október 2015, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjút. ESB L 334, 21.11.2014, bls. 86.

⁽²⁾ Stjút. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjút. ESB L 161, 22.6.2017, bls. 87 EES-viðbætur nr. 38, 22.6.2017, bls. 89

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.